Hæstaréttardómur um dragnótaveiðar

Smábátafélagið Skalli fagnar niðurstöðu Hæstaréttar þess efnis að Jóni Bjarnasyni fv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi verið heimilt að leggj...


Sverrir Sveinsson

Smábátafélagið Skalli fagnar niðurstöðu Hæstaréttar þess efnis að Jóni Bjarnasyni fv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi verið heimilt að leggja bann við dragnótaveiðum á grunnslóð og inni á fjörðum.

Félagið hafði óskað eftir því í nokkur ár að Skagafirði yrði lokað fyrir dragnótaveiðum a.m.k. innan við eyjar. Undir þessa beiðni okkar tóku Sveitarfélagið Skagafjörður ásamt fjölmörgum aðilum sem ofbauð að sjá stór skip inni á firðinum með dregin veiðarfæri.

Jón Bjarnason sjávar og landbúnaðarráðherra setti reglugerð nr.475/2010 sem bannaði dragnótaveiðar frá og með 7. júní 2010 til og með 6. júní 2015 á 6 svæðum.

Skalli félag smábátaútgerðarmanna ályktaði á aðalfundi 14.09. 2010.

»Aðalfundur Smábátafélagsins Skalla haldinn 14.9. 2010 fagnar reglugerð útgefinni 31. ágúst 2010 nr. 678/2010 sem bannar dragnótaveiðar innan línu sem dregin er frá Þórðarhöfða í Ásnef í Skagafirði, frá 31. des. 2010 til ágúst 2015. Sama á við um 2. 3. og 4. gr. reglugerðarinnar sem varða friðun í Húnafirði, Hrútafirði og Húnaflóa.«

Fundurinn beinir þeim tilmælum til sjávarútvegsráðherra að strax við útfærsluna verði hafnar rannsóknir á lífríki svæðanna sem friðuð eru fyrir dragnótaveiðum, þannig að úr því fáist skorið í eitt skipti fyrir öll hvort um skaðsemi þessa veiðarfæris á lífríkið er að ræða.

Við viljum fá úr því skorið með rannsóknum og treystum á að unnið verði að því, óþolandi er að búa við eilíf átök útgerðarmanna og skoðanaágreining um skaðsemi þessa veiðarfæris.

Jón Bjarnason fyrrverandi sjávar- og landbúnaðarráðherra kynnti okkur á aðalfundi LS árið 2010 að hann hefði í hyggju að takmarka veiðar með dregnum veiðarfærum í flóum og fjörðum á svonefndri grunnslóð.

Vísindamenn hjá Hafró og Háskóla Íslands hafa bent á að lífríkið í sjónum út að 50 faðma dýpi sé e.t.v. mesta auðlind þjóðarinnar, þar sem uppeldi dýralífsins er hvað mest.

Á aðalfundi 30. sept. 2011 ályktaði Skalli:

»Skalli lýsir fullum stuðningi við Jón Bjarnason sjávar og landbúnaðarráðherra, sem hefur tekið ákvarðanir sem hleypt hafa lífi í sjávarbyggðir landsins.

Skalli telur mikilvægi sjávarútvegsmála fyrir þjóðina gríðarlegt og því ekki tímabært að leggja sjávarútvegsráðuneytið niður og sameina við atvinnuvegaráðuneyti.«

Jón hafði efasemdir um að það væri rétt að gera þetta núna og um það vorum við honum sammála en talið var að spara mætti 300 millj. kr fyrir ríkissjóð með þessari sameiningu en niðurstaðan var 34 millj. kr.

Við viljum þakka Jóni Bjarnasyni fv. sjávar og landbúnaðarráðherra fyrir mjög gott og ánægjulegt samstarf, hann hefur tekið tillit til sjónarmiða smábátaútgerðarinnar og metið að verðleikum mikilvægi hennar fyrir bióðina.